

## Að þagga niður í þolendum ofbeldis

Febrúar 2015

Í öllum ofbeldismálum er þolandi og gerandi. Sem betur fer hefur staða þolenda farið batnandi á undanförunum árum og það er frábært. Þolendur þurfa samt ennþá að hlusta á alls kyns efasemdaraddir þegar þeir segja sögur sínar og í síðasta pistli talaði ég um mikilvægi þess að taka afstöðu í kynferðisbrotamálum gegn börnum. Nú langar mig að tala aðeins um annan vinkil en þó á svipuðum nótum. Það er mikilvægi þess að þagga ekki niður í þolendum ofbeldis, hvort sem þeir eru konur eða karlar, börn eða fullorðnir. Hvort sem þeir hafa verið beittir andlegu, líkamlegu eða kynferðislegu ofbeldi. Hvort sem þeir hafa verið beittir ofbeldi af hálfu maka, foreldris, ættingja, vinar eða annars. Hvort sem ofbeldinu hefur verið beitt af hátt settum aðila eða lægra settum, menntuðum eða ómenntuðum, karli eða konu, ríkum eða fátækum.

Eitt af því sem þolendur ofbeldis – hvort sem það er kynferðislegt, líkamlegt eða andlegt – læra mjög hratt í sínum aðstæðum, er að þegja. Þegja yfir því sem er að gerast. Þegja yfir því hvernig þeim líður. Þegja vegna þess að það er svo vont að tala. Það er svo vont að segja frá. Vont að segja frá því að einhver sem þú elskar hefur meitt þitt. Vont að segja einhverjum sem þú elskar að einhver hafi meitt þig. Vont að vera aðilinn sem brýtur allt. Vera aðilinn sem sundraði fjölskyldunni. Hvort sem þú hefur búið við ofbeldi í parsambandi, ofbeldi á heimili sem barn, kynferðisofbeldi eða annars konar ofbeldi innan fjölskyldunnar, þá eru tengslin þess eðlis að þolendur veigra sér við því að segja frá. Af öllum þeim ástæðum sem hér hafa komið fram. En líka vegna þess að sektarkenndin og skömmin sem fylgir ofbeldi tekur oft yfirráðin og þolendur telja sig þar með bera ábyrgðina.

Hvað gerist svo þegar þolendur segja frá? Sem betur fer, er þeim stundum trúað. Sem betur fer eru sumir sem segja þeim að þeir hafi tekið rétta ákvörðun og hrósa þeim fyrir hugrekkið sem þeir þurftu að sýna til að segja frá. Sem betur fer eru sumir sem hlusta, eru til staðar og styðja. En því miður eru líka sumir sem ekki trú. Sumir sem segja þeim að þeir hefðu átt að sleppa því að segja frá og eru ekki tilbúnir til að hlusta. Svo eru sumir sem láta sér ekki nægja að trú ekki og hlusta ekki, heldur reyna það sem þeir geta til að þagga niður í þolendum. Og það eru þessir einstaklingar sem gera þolendum svo erfitt fyrir að segja frá. Þessir sem snúa út úr og rangtúlka. Þessir sem gera hvað þeir geta til að gera þolandann ótrúverðugan. Þessir sem gera lítið úr ofbeldinu og þeim áhrifum sem það hefur haft.

Stundum nær þessi umræða eingöngu til nánustu vina og vandamanna. Stundum eru engir sem vita um ofbeldið aðrir en þeir sem standa næst. En stundum vita fleiri um ofbeldið. Stundum kæra þolendur ofbeldið. Stundum segja þolendur sögu sína í fjölmiðlum. Stundum segja þolendur sögu sína í fjölmiðlum eftir að hafa lagt fram kæru. Og það er einmitt þá sem kemur að því að það þarf að þagga niður í þessum þolendum. Þeir sem oft hafa hvað harðast unnið í því að þagga niður í þolendum ofbeldis eru lögmenn gerenda. Það er mjög skiljanlegt að lögmenn vilji standa þétt við bakið á skjólstæðingum sínum. Það er mjög skiljanlegt að þeir vilji fá skjólstæðinga sína sýknaða, það er þeirra starf. Þá komum við að því sem er svo alvarlegt.

Af hverju er í lagi að þolendur séu rengdir á almannafæri? Af hverju er allt í lagi að snúið sé út úr orðum þolenda? Að unnið sé markvisst að því að gera lítið úr orðum þeirra? Að orð þeirra um þessa skelfilegu lífsreynslu séu dregin í efa? Er ekki nóg að þolandi sé búin að lifa við ofbeldið? Að hann hafi lifað ofbeldið af og sé að stíga skref til þess að sækja rétt sinn?

Svarið sem oftast er gefið, er að fólk sé saklaust þar til sekt er sönnuð. Það er rétt, í íslensku réttarkerfi ertu saklaus þar til sekt er sönnuð. Það sem hins vegar einkennir ofbeldismál í íslensku réttarkerfi, er fjöldi ákæra og fjöldi dóma í slíkum málum. Í raun væri réttara að tala um skort á fjölda

mála því staðreyndin er sú að í mörgum tilfellum leggja þolendur ekki fram kæru. Þegar þolendur hafa kært þarf málið svo að fara í gegnum rannsókn lögreglu sem svo leggur mat á hvort ákæra verði gefin út og sendir þá málið til saksóknara. Þá þarf saksóknari að leggja mat á það hvort líklegt verði að sakfelld verði í málinu og fer þá með það fyrir dóm. Að lokum þarf svo að dæma í málinu. Í ferlinu frá því að þolandi leggur fram kæru og dæmt er í málinu, falla því miður mörg mál niður. Það er vegna þess að sönnunarbyrði í íslensku réttarkerfi er þung og í málum eins og ofbeldi í parsamböndum og kynferðisofbeldi, vantar oft þau sönnunargögn sem fyrir þurfa að liggja. Það gerir það ekki að verkum að fólk sé alltaf saklaust, bara að það sé ekki hægt að sakfella það. Og það er, sérstaklega þegar kemur að þessum flóknu málum, ekki það sama. Ég veit að þetta er fín lína og varasamt umræðuefni því við viljum ekki að fjölmiðlar ákveði það hverjir eru glæpamenn og hverjir ekki. Við viljum virða rétt allra til sanngjarnar meðferðar. Og það er allt gott og gilt. En hvað með réttindi og meðferð þolendanna? Hvað er verið að gera þegar því er haldið fram að þolendur séu að ljúga, séu ótrúverðugir og ekki mark á þeim takandi? Viljum við að slík meðferð á þolendum leiði til þess að þeir hætti að leita réttar síns? Viljum við að þöggun ofbeldismála ákveði það hvort þolendur geti yfirhöfuð gert tilraun til að leita réttar síns? Gert tilraun til þess að segja sögu sína og þar um leið gert tilraun til að sýna öðrum þolendum að þeir séu ekki einir í heiminum? Því það er nú því miður þannig að þolendur ofbeldis í íslensku samfélagi eru fleiri en við flest vitum og mikilvægt að þeir viti að þeir séu ekki einir. Að við séum tilbúin til að hlusta.

Það krefst mikils hugrekkis og kjarks að segja frá því ofbeldi sem þolandi hefur verið beittur. Þá skiptir ekki máli hvort ofbeldi var framið fyrir löngu síðan eða nýlega. Hvort ofbeldið var kynferðislegt, andlegt eða líkamlegt. Hvort þolandinn er karl eða kona. Hvort gerandinn er karl eða kona. Ofbeldið í sjálfu sér er alltaf erfitt og áhrifa þess gætir stundum árum og áratugum saman og hluti af því að vinna sig út úr slíkum afleiðingum getur verið að segja frá því. Það getur líka verið hvatning fyrir aðra þolendur að heyra af því hvernig fólk hefur komist út úr ofbeldi og þorir að segja frá því. Ekki þagga niður í þolendum ofbeldis!

Höfundur: Ingibjörg Þórðardóttir